

## Tilkynning um verðbreytingar í netþjónustu Snerpu

Þann 1. mars 2023 taka gildi breytingar á verðskrá Snerpu fyrir Internetþjónustu en nýir viðskiptavinir greiða samkvæmt nýrri verðskrá frá 1. febrúar nk. Verð hefur að mestu verið óbreytt frá nóvember 2015 þegar heimilispakki Snerpu var kynntur til sögunnar.

Snerpa hefur ekki mælt gagnamagn innanlands eða frá notendum (upphal) en þetta mun breytast á magnmældum þjónustuleiðum og verður nú öll umferð mæld á sama hátt og hjá öðrum netþjónustum. Ástæðan er aðallega að kostnaður vegna innanlandsumferðar hefur aukist verulega auk þess sem allar aðrar netþjónustur hafa mælt alla umferð, bæði upphal og niðurhal, á sínum netþökkum síðastliðin ár, þannig að samanburður við aðrar netþjónustur verður einfaldari fyrir viðskiptavini. Þjónustuleiðir sem verða fyrir áhrifum verða með auknu gagnamagni vegna þessa.

<b>Aðgangsgjald</b>	eldra	nýtt	breyting
	Mánaðargjald m. vsk.		
Aðgangsgjald fer eftir gerð heimtaugar og veitufyrirtæki.			
Smartnet yfir koparheimtaug	3.580	3.890	310
Ljósleiðari Snerpu	3.580	3.890	310
Ljósnet Mílu yfir koparheimtaug	3.580	3.890	310
Ljósleiðari Mílu (GPON)	5.600	4.890	-710

  

<b>Gagnamagnspakkar</b>	Mánaðargjald m. vsk.		
100 GB (var 40 GB m. ómældu innanlands)	3.770	5.110	1.340
200 GB (var 100 GB m. ómældu innanlands)	5.620	5.850	230
Stækkun úr 200GB í ótakmarkað	1.850	2.000	150
Umfram gagnamagn 100GB (var 50 GB)*	1.850	3.500	1.650
* Hámark 2 viðbótarpakkar (var 3 pakkar)			

  

<b>Önnur þjónusta</b>	Mánaðargjald m. vsk.		
Heimilispakki Snerpu 200GB (m. aðgangsgjaldi og netbeini)	9.990	9.990	0
Leigugjald netbeinis	900	990	90
Extranet (aukatenging á magnmældri tengingu)	690	1.000	310

Athugið að netumferð vegna Sjónvarps Símans og Sjónvarps Vodafone í myndlykla verður áfram ómæld. Sjá nánar á næstu blaðsíðu.



## Netumferð sjónvarpsþjónustu Símans og Vodafone verður ómæld áfram

Vegna breytinga á netþjónustupökkum Snerpu þar sem öll umferð verður framvegis mæld vill Snerpa taka fram að netumferð frá sjónvarpsþjónustu Símans og Vodafone verður undanskilin í mælingum á gagnamagni. Þetta er hægt að gera vegna þess að bæði fyrirtækin afhenda þessa netumferð á Ísafirði og þarf Snerpa því ekki að bera kostnað vegna þeirrar netumferðar í öðrum netkerfum en sínu eigin.